

YFIRLÝSING


Þann 1. mars 2018 undirrituðu aðilar Rammasamkomulags aðila vinnumarkaðarins frá 27. október 2015, samkomulag um útfærslu launaþróunartryggingar. Í samkomulaginu segir að hækkun til aðildarféлага BSRB og ASÍ vegna launaþróunartryggingar fyrir tímabilið 2013 til 2017 skuli nema 1,4% og gilda frá 1. janúar 2018.

Iðjuþjálfafélag Íslands er aðildarfélag BHM, sem ekki er aðili að Rammasamkomulagi aðila vinnumarkaðarins frá 27. október 2015, og nær því fyrrnefnt samkomulag um útfærslu launaþróunartryggingarinnar ekki til félagsmanna Iðjuþjálfafélags Íslands.

Þrátt fyrir framangreint er það ákvörðun Reykjavíkurborgar að ráðstöfun aðila um hækkun launatöflu samkvæmt fyrrnefndu samkomulagi, um 1,4% frá 1. janúar 2018, taki einnig til launatöflu í gildandi kjarasamningi Reykjavíkurborgar og Iðjuþjálfafélags Íslands. Um er að ræða einskiptis ákvörðun um ráðstöfun sem skapar hvorki félagsmönnum Iðjuþjálfafélags Íslands rétt né Reykjavíkurborg skyldur umfram framangreint, hvort sem er á grundvelli sambærilegra samkomulaga eða fyrir aðrar ráðstafanir.

Reykjavík, 23. mars 2018

f.h. Reykjavíkurborgar


Ragnhildur Ísraelsdóttir